



Erindisbréf starfshóps um starfskjör

10. nóvember 2023

Sambands íslenskra sveitarfélaga

2311004SA VRH
Málalykill: 00.36

Skipan starfshópsins

Í starfshópnum sitja þrír fulltrúar úr stjórn sambandsins: Margrét Ólöf A. Sanders, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi og Jón Björn Hákonarson bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð. Framkvæmdastjóri og annað starfsfólks starfar með nefndinni eftir þörfum.

Hlutverk starfshópsins

Starfshópur um starfskjör er ráðgefandi fyrir stjórn og framkvæmdastjóra og hefur það hlutverk að tryggja að starfskjör stjórnar og stjórnenda séu samkeppnishæf sambærilegum störfum. Stefna starfshópsins er að tryggja að sambandið sé jafnan kleift að laða til sín og halda í starfi hæfum stjórnendum.

Helstu verkefni starfshópsins

- Starfshópurinn er til ráðgjafar við ákvörðun launa stjórnenda og fylgist með og gerir tillögu að breytingum á kjörum þeirra.
- Vera ráðgefandi um starfskjarastefnu ef stjórn ákveður að útbúa slíka stefnu.
- Yfirfara þóknun til fulltrúa í stjórn og gera tillögu til breytinga ef þurfa þykir
- Annast þau mál sem stjórn felur nefndinni hverju sinni

Fundir

Fundir nefndarinnar eru haldnir eftir þörfum.

Boðun funda og fundargerðir

Framkvæmdastjóri sambandsins boðar fundi með skriflegri dagskrá með hæfilegum fyrirvara og sér til þess að frá fundargerðum sé gengið í samráði við fundarmenn.

Kostnaður af störfum nefndarinnar

Greidd er þóknun fyrir setu í nefndinni, þ.e. tiltekin fjárhæð fyrir hvern setinn fund, svo og ferðakostnaður þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. reglur sambandsins um greiðslur fyrir setu í fastanefndum.

Erindisbréf þetta er samþykkt af stjórn
Sambands íslenskra sveitarfélaga
dags. 24. nóvember 2023

Arnar Þór Sævarsson
framkvæmdastjóri